



Skipulags,- byggingar, og veitunefnd (SBV)

Fundur haldinn í skipulags,- byggingar- og veitunefnd Blönduóssbæjar þriðjudaginn 5. desember 2006 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33. Mættir eru undirritaðir.

Formaður, Zophonías Ari Lárusson setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð.

Erindi og afgreiðslur:

1. Erindi frá Blönduósbæ.
Jóna Fanney Friðriksdóttir, fyrir hönd Leikskólans Barnabæjar sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu og endurbótum við leikskólann að Hólabraut 17.
Afgreiðsla:
Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi teikningar athugasemdalaust og veitir byggingarleyfi fyrir viðbyggingunni.
2. Erindi dagsett 24. nóvember 2006.
Þar sækir Björn Þór Kristjánsson, fyrir hönd Dýhóls ehf. um leyfi til að rífa efnisgeymslu við Norðurlandsveg 4.
Afgreiðsla:
Nefndin samþykkir rif geymslunnar.
3. Eyjólfur Þór Þórarinsson byggingarfulltrúi, óskar eftir staðfestingu á lóðablöðum fyrir eftirtaldar lóðir.
 - a. Hafnarbraut 2 – 4.
 - b. Brimslóð 10a, 10b og 10c.
 - c. Aðalgötu 2 – 4.
 - d. Brimslóð 2, 4 og 6.**Afgreiðsla:**
Nefndin samþykkir lóðablöðin eins og þau liggja fyrir.
4. Erindi frá Björgunarfélaginu Blöndu um leyfi fyrir 40 feta gám sem staðsettur yrði við vesturgafli húseignarinnar að Efstubraut 3.
Afgreiðsla:
Nefndin samþykkir stöðuleyfi til 1 árs fyrir umræddan gám.

Þegar hér var komið samþykkti fundurinn að tekin yrði upp liðurinn önnur mál.
5. Önnur mál.
 - a. Erindi dagsett 5. desember 2006, þar sem Lárus B. Jónsson f.h. Búrfjalla ehf. ítrekar erindi frá 13. nóvember 2006 um lóðamál við Aðalgötu 3a og 3b.
Afgreiðsla:
Nefndin óskar eftir því að lóðaeigendur á Aðalgötu 3a og 3b komi sér saman um, að vegna öryggissjónarmiða sé þess gætt að ekkert hindri björgunaraðila í aðgengi að báðum húsum og á milli þeirra. Þá ítrekar nefndin bókun frá 22. nóvember s.l. þar sem óskað er eftir aðaluppdráttum að breytingum á Aðalgötu 3b.
 - b. Nefndin ítrekar fyrri samþykktir um að gögn vegna funda séu ekki móttækin nema til föstudags, næstan fyrir fundi nefndarinnar.



Fundargerð upplesin og samþykkt.

Zophonías Ari Lárusson, formaður
Sigurður Jóhannesson
Guðmundur Karl Ellertsson
Sigurður Jóhannesson
Eyjólfur Þórarinsson, byggingarfulltrúi
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri

Fundi slitið kl. 18,30

Ragnar Ingi Tómasson, ritari